



*Eineltisáætlun leikskólans*

*Álfabergs.*

*Einelti gegn börnum.*

## **Umboðsmaður barna skilgreinir einelti á eftirfarandi hátt:**

Munnlegt ofbeldi:

- Um er að ræða uppnefningar, stríðni og niðurlægjandi athugasemdir.

Félagslegt ofbeldi:

- Þegar einstaklingurinn er skilinn útundan og fær ekki að taka þátt t.d. í afmælisveislum og öðru slíku sem önnur börn taka þátt í.

Efnislegt ofbeldi:

- Þegar eigur þess sem verður fyrir ofbeldinu eru eyðilagðar eða þeim stolið.

Andlegt ofbeldi:

- Þegar einstaklingur er látinn gera eitthvað sem stríðir á móti vilja hans og réttlætiskennd.

Líkamlegt ofbeldi:

- Þegar einstaklingur verður fyrir ofbeldi af hálfu annarra.

Flestir tengja einelti við grunnskóla landsins en oft byrjar eineltið í leikskólanum þó svo að það fari ekki að ágerast verulega fyrr en í grunnskóla. (Umboðsmaður barna 1998:9).

Dæmi um einelti í leikskóla er þegar börn skilja útundan og tala illa og leiðinlega um leikfélagana. Til að koma í veg fyrir einelti þarf að koma á fræðslu um einelti í leikskóla (Umboðsmaður barna 1998:16). Í leikskólum þarf að vinna fyrirbyggjandi starf sem hjálpar börnum að vera ákveðin og sjálfsörugg. Jafnframt þarf að kenna samskiptareglur og styrkja sjálfstraust þeirra. Börn þurfa að læra að taka ábyrgð á sjálfum sér og virða náungann.

## **Einelti getur átt sér stað á milli:**

- Starfsmanns og barns.
- Barna.

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur. Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til réttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir þegar kemur að greiningu og lausn eineltismála og ber öllum að stöðva slæmt umtal strax í fæðingu. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti. Starfsmenn eiga að vera góðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

## **Markmið áætlunar er að:**

- Skapa umræður þannig að starfsmenn séu meðvitaðir um einelti og afleiðingar þess efla góð samskipti milli starfsmanna

## **Til að sporna gegn einelti er mikilvægt að:**

- Vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhyggð og að setja sig í spor annarra.
- Styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina.

## **Ferli vegna gruns um einelti.**

Verði starfsmaður, foreldri var við að barn sé lagt í einelti er brugðist við því tafarlaust og er það í höndum viðkomandi deildarstjóra sem ber ábyrgð á þessari vinnu í samráði við áfallateymi leikskólans. Fyrst ber að sjá til þess að öllum málsaðilum sé gerð grein fyrir að einelti verði ekki liðið og farið verði af stað til að útrýma því og bæta líðan þeirra sem málið varðar. Foreldrar bæði þolenda og gerenda eru boðaðir í foreldraviðtöl og reynt er að leysa málið í leikskólanum. Ef ekki næst að leysa málið í leikskólanum er hægt að leita ráðgjafar hjá Sérkennslufulltrúa Hafnarfjarðar.

## Úrræði.

Stór hluti af félagslegu námi barna fer fram í gegnum leikinn. Leiklist hjálpar nemendum til þess að setja sig í spor annarra, eflir sjálfstraust og sjálfstæðar ákvarðanatökur. Bókmenntir eru áhrifaríkur miðill sem getur veitt nemendum á öllum aldri innsýn í reynsluheim og tilfinningar. Í hlutverkaleik fara börn í annað hlutverk en vanalega, þar geta þau unnið úr tilfinningum sínum og upplifunum í gegn um leikinn. Í okkar leikskóla notum við námsefni eins og Stig af stigi og SMT-skólafærni sem forvarnir gegn einelti. Einnig bækur sem fjalla um samskipti, lífsleikni, einelti o.s.frv.

**Verum vakandi, verum meðvituð og látum einelti ekki viðgangast í okkar skóla.**

